

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð, nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins.**

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „36.000 kr.“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 46.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „18.000 kr.“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 23.000 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „13.000 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 17.000 kr.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „26.000 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 34.000 kr.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „13.000 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 17.000 kr.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „10.000 kr.“ í 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 13.000 kr.

### 2. gr.

Í stað orðanna „Tveir lítrar“ í d. lið 1. tölul. 3. gr. kemur: 2,25 lítrar.

### 3. gr.

Nýr töluliður, 2. tölul, bætist við 2. mgr. 9. gr. svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Munntóbak og fínkorna neftóbak.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 5. gr. svo og 148. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. janúar 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jóna Björk Guðnadóttir.*